

Vinsamlegast komið þessum upplýsingum áfram til þeirra stjórnenda sem bera ábyrgð á kaupum á flugþjónustu.

Til : Samgongustofa almennt <samgongustofa@samgongustofa.is>
Frá : Samgongustofa almennt <samgongustofa@samgongustofa.is>
Heiti : Vinsamlegast komið þessum upplýsingum áfram til þeirra stjórnenda sem bera ábyrgð á kaupum á flugþjónustu.
Málsnúmer : 2506005
Málsaðili : Samgöngustofa
Skráð dags : 06.05.2025 14:21:36
Höfundur : Samgongustofa almennt <samgongustofa@samgongustofa.is>

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Öryggi í flugþjónustu og mikilvægi starfsleyfa

Þessi tölvupóstur er sendur til ráðuneyta, stofnana, fyrirtækja og sveitarstjórna á Íslandi.

Í fréttaskýringaþættinum Kveik sem sýndur var 15. apríl 2025 komu fram vísbendingar um að aðilar án tilskilinna starfsleyfa í flugi hafi tekið að sér verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Samkvæmt lögum er óheimilt að starfrækja loftför í ábataskyni, svo sem að fljúga með farþega gegn gjaldi, nema með gildu flugrekstrarleyfi. Slík leyfi eru háð öryggiskröfum sem ná meðal annars til starfrækslu og viðhalds loftfara, sem og heilbrigðis og þjálfunar flugmanna. Eftirlit með handhöfum flugrekstrarleyfa er jafnframt umfangsmeira en með almannaflugi, þ.e. flugi sem ekki er rekið í ábataskyni.

Samgöngustofa hvetur einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir sem kaupa flugþjónustu til að ganga úr skugga um að viðkomandi þjónustuaðili hafi öll nauðsynleg leyfi.

Á heimasíðu Samgöngustofu má finna [lista yfir handhafa starfsleyfa fyrir rekstur loftfara í ábataskyni](#).

Frekari upplýsingar veitir:

Berglind Ýr Jónasdóttir, deildarstjóri flugreksturs og skírteina berglind.y.jonasdottir@samgongustofa.is

Með kveðju / Best regards,

Jón Gunnar Jónsson - SGS

Forstjóri / Director-General



Icelandic Transport Authority

Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000

www.samgongustofa.is / www.icetra.is

Verndum umhverfið, prentum sem minnst

[Fyrirvari við tölvupóst](#) - [email disclaimer](#)